



Til: Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Frá: Tannlæknafélagi Íslands
Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum (Þingskjal 879) og drög að reglugerð (drög 28. október 2004) um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlæknar.

Reykjavík, 7. apríl 2004

Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) fagnar framkomnu frumvarpi og reglugerðardrögum um aukna þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins (TR) í greiðslu tannlækninga eldri borgara. TFÍ telur að í breytingunum felist tímabær viðleitni til að koma tannheilsu eldri borgara í það horf að tannleysi sé ekki hið eðlilega ástand.

Þó eru nokkur atriði í frumvarpinu og reglugerðardrögunum sem TFÍ telur að betur megi fara.

1. TFÍ telur að tryggja verði þessu verkefni fjárframlag til að aðrir skjólstæðingar TR njóti ekki skertra bóta vegna útgjaldaliða sem breytingarnar hafa í för með sér.
2. Samkvæmt reglugerðinni (5. gr, 3. mgr.) miðast greiðsluþátttaka TR við kostnað allt að 80.000 krónum vegna smíði fastra tanngerva á hverju almanaksári, sbr. endurgreiðsluskrá ráðherra. Ef sjúklingur nýtir ekki þennan styrk fellur hann niður, hann safnast ekki upp. Til að breytingar samkvæmt frumvarpinu nýtist eldri borgurum sem best mælir TFÍ með því að í stað 80.000 króna á hverju almanaksári verði kveðið á um allt að 240.000 krónur á þriggja ára fresti. Oft er þörf á brúarsmíði hjá eldra fólki með tannlaus bil og í þeim tilfellum duga 80.000 krónur skammt. Með gerð brúa fæst mun heildstæðari og betri meðferð strax, enda ekki hægt að smíða brýr í áföngum. Til samanburðar má nefna að tannlausir einstaklingar fá styrk til ísetningar tannplanta og gervitannsmíði fyrir sambærilega upphæð.
3. TFÍ telur að skilgreina eigi föst tanngervi sem „krónur og brýr sem fest eru við tennur og/eða tannplanta“.

Virðingafyllst, fyrir hönd Tannlæknafélags Íslands,

Heimir Sindrason formaður

Afrit sent Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra.